

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2017/EES/25/01		Beiðni <i>Norges Høyesterett</i> (Hæstaréttar Noregs) dagsett 14. desember 2016 um ráðgefandi álit í máli Torbjørn Selstad Thue og <i>Politiets Fellesforbund</i> (landssambands norskra lögreglumanna) gegn norska ríkinu, þar sem ráðuneyti dómsmála og almannaöryggis er í fyrirsvari (mál E-19/16)	1
2017/EES/25/02		Dómur dómstólsins frá 15. desember 2016 í máli E-1/16 – Synnøve Finden AS gegn norska ríkinu, landbúnaðar- og matvælaráðuneytið í fyrirsvari	2
2017/EES/25/03		Dómur dómstólsins frá 22. desember 2016 í máli E-3/16 – Ski Taxi SA, Follo Taxi SA og Ski Follo Taxidrift AS gegn norska ríkinu, í fyrirsvari er samkeppnisstofnun	3
2017/EES/25/04		Dómur dómstólsins frá 22. desember 2016 í máli E-6/16 – Fjarskipti hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun	4
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/25/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7764 – EDF/Areva reactor business)	5
2017/EES/25/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8287 – Nordic Capital/Intrum Justitia AB)	6
2017/EES/25/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8297 – GE/Baker Hughes)	7
2017/EES/25/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8401 – Johnson & Johnson/ Actelion)	8

2017/EES/25/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8410 – Zen-Noh/ LDC/Amaggi/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2017/EES/25/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8411 – Safran Group/ China Eastern Air Holding) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni *Norges Høyesterett* (Hæstaréttar Noregs) dagsett 14. desember 2016 um ráðgefandi álit í máli Torbjørn Selstad Thue og *Politiets Fellesforbund* (landssambands norskra lögreglumanna) gegn norska ríkinu, þar sem ráðuneyti dómsmála og almannaöryggis er í fyrirsvári 2017/EES/25/01

(mál E-19/16)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf *Norges Høyesterett* (Hæstaréttar Noregs) frá 14. desember 2016, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 14. desember 2016, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Torbjørn Selstad Thue og *Politiets Fellesforbund* (landssambands norskra lögreglumanna) gegn norska ríkinu, þar sem ráðuneyti dómsmála og almannaöryggis er í fyrirsvári, og sem varðar eftirfarandi atriði:

1. Ber að líta á tíma sem varið er í ferð, samkvæmt fyrirmælum vinnuveitanda, á leið til/og frá viðverustað sem er annar staður en fastur eða venjubundinn viðverustaður starfsmanns, ef slík ferð á sér stað utan venjulegs vinnutíma, sem vinnutíma í skilningi 2. gr. tilskipunar 2003/88/EB?
2. Að því marki sem ferð sem lýst er í spurningu I nægir ekki ein og sér til þess að flokkast sem vinnutími, hver er prófsteinninn í lagalegu tilliti og hvaða þátta ber að taka tillit til við mat á því hvort ferðatími skuli samt sem áður talinn vinnutími? Hluti af þessari spurningu er beiðni um álit á því hvort fara eigi fram mat á því í hversu miklum mæli vinna fari fram meðan á ferðinni stendur.
3. Hefur það þýðingu, hvað varðar matið á grundvelli spurninga I og II, hversu oft vinnuveitandi tilgreinir viðverustað sem er annar en fastur eða venjubundinn viðverustaður?

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2017/EES/25/02****frá 15. desember 2016****í máli E-1/16****Synnøve Finden AS****gegn****norska ríkinu, landbúnaðar- og matvælaráðuneytið í fyrirsvari**

(Vörusvið EES-samningsins – Mjólkurvörur – Ríkisaðstoð – Ríkisfjármunir – Áhrif á viðskipti og röskun á samkeppni – Staðfesturéttur)

Hinn 15. desember 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-1/16 Synnøve Finden AS gegn norska ríkinu, í fyrirsvari er landbúnaðar- og matvælaráðuneytið – BEIÐNI *Oslo tingrett* (Héraðsdóms Oslóar) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á EES-samningnum, einkum 31. gr. og 61. gr. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Per Christiansen og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Túlka ber 61. gr. EES-samningsins þannig að fyrirkomulag sem kveðið er á um með reglusetningu í innlendum lögum, þar sem fyrirtæki fær 0,50 norskar krónur fyrir hvern lítra upp að 100 milljón lítra marki fyrir að dreifa tilteknum vörum, sem sumar hverjar falla undir gildissvið EES-samningsins, feli í sér ríkisaðstoðarráðstöfun, að því tilskildu að landsdómstóllinn, með hliðsjón af málavöxtum sem fram hafa komið fyrir honum og leiðbeiningum þessa dómstóls, komist að þeirri niðurstöðu að um sé að ræða íhlutun af hálfu ríkisins eða með ríkisfjármunum, að íhlutunin sé líkleg til þess að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkja, að um sé að ræða sértækan ávinning aðstoðarþegans og að hann raski eða sé til þess fallinn að raska samkeppni. Slík niðurstaða af hálfu landsdómstólsins myndi gera það að verkum að aðstoðarkerfið félli undir tilkynningaskyldu sem kveðið er á um í 3. mgr. 1. gr. I hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.
2. Ef ríkisaðstoðarkerfi er tengt tilteknum vörum, sem ekki eru alfarið utan gildissviðs EES-samningsins, órjúfanlegum böndum verður að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ráðstöfunina í heild sinni.
3. Ekki eru efni til þess að innlendir dómstóll meti ríkisaðstoðarkerfi með tilliti til staðfesturéttar skv. 31. gr. EES-samningsins, nema unnt sé að leggja mat á það sérstaklega samkvæmt lögum, óháð ríkisaðstoðarráðstöfuninni.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2017/EES/25/03

frá 22. desember 2016

í máli E-3/16

Ski Taxi SA, Follo Taxi SA og Ski Follo Taxidrift AS**gegn****norska ríkinu, í fyrirsvári er samkeppnisstofnun**

(53. gr. EES-samningsins – Markmið að takmarka samkeppni – Opinber innkaup – Sameiginleg tilboð lögð fram í gegnum sameiginlegt rekstrarfélag)

Hinn 22. desember 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-3/16, Ski Taxi SA, Follo Taxi SA og Ski Follo Taxidrift AS gegn norska ríkinu, í fyrirsvári er samkeppnisstofnun – BEIÐNI *Norges Høyesterett* (Hæstaréttar Noregs) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á EES-samningnum, einkum 53. gr. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Per Christiansen og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Svo unnt sé að líta svo á að markmið samnings sé að takmarka samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins þarf að koma fram að hann sé skaðlegur samkeppni í nægilega ríkum mæli. Ekki er nóg að samningurinn sé einungis til þess fallinn, með hliðsjón af því lagalega og efnahagslega samhengi sem um ræðir, að koma í veg fyrir samkeppni, takmarka samkeppni eða raska samkeppni.
2. Svo unnt sé að ákvarða hvort samningur milli fyrirtækja eða ákvörðun samtaka fyrirtækja leiði í ljós skaða á samkeppni í nægilega ríkum mæli, þarf að hafa hliðsjón af ákvæðum hans, markmiðum og því efnahagslega og lagalega umhverfi sem hann er hluti af. Þegar slíkt samhengi er ákvarðað er jafnframt nauðsynlegt að taka mið af eðli þeirrar þjónustu sem verður fyrir áhrifum, til viðbótar við raunveruleg skilyrði starfsemi og uppbyggingar markaðarins eða markaðanna sem um ræðir. Þótt ætlun aðilanna sé að auki ekki nauðsynlegur þáttur í því að ákvarða hvort samningur milli fyrirtækja hafi takmarkanir í för með sér, er ekkert sem bannar samkeppnisyfirlöndum, innlendum dómstólum eða dómstólum að taka tillit til þess þáttar.
3. Samningur leiðir einungis í ljós skaða í nægilega ríkum mæli svo unnt sé að telja að markmið hans sé að takmarka samkeppni ef auðvelt er að greina skaðlegt eðli hans. Slíkt mat getur ekki gengið jafn langt og tæmandi rannsókn á raunverulegum eða mögulegum áhrifum hans. Það getur ekki heldur jafngilt framkvæmd mats á samkeppnisaukandi og samkeppnishamlandi áhrifum og því beitingu sanngirnireglu.
4. Svo unnt sé að ákvarða hvort það að leggja fram sameiginlegt tilboð í gegnum sameiginlegt rekstrarfélag leiði í ljós skaðleg áhrif í nægilega ríkum mæli, svo unnt sé að líta á þau sem markmið um að takmarka samkeppni, þarf að taka tillit til inntaks samstarfsins, markmiða þess og efnahagslegs og lagalegs umhverfis þar sem það fer fram. Einnig má taka ætlun aðilanna til greina, þótt sá þáttur sé ekki nauðsynlegur.
5. Þar sem sameiginleg tilboð fela í sér verðsamráð, sem sérstaklega er bannað í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, takmarkast umfjöllun um efnahagslegt og lagalegt umhverfi við það sem er beinlínis nauðsynlegt til þess að sýna fram á markmið um að takmarka samkeppni. Hins vegar þarf slíkt mat að taka mið af því, þó stuttlega, hvort aðilar að samningi séu raunverulega eða mögulega í samkeppni innbyrðis og hvort sameiginleg ákvörðun verðs, sem samningsyfirlöndin er boðið, feli í sér viðbótartakmörkun.
6. Þótt upplýsingagjöf um sameiginlegt eðli tilboðsins gagnvart samningsyfirlöndin geti bent til þess að aðilarnir hafi ekki ætlað að brjóta í bága við bann við samningum á milli fyrirtækja, er það í sjálfu sér ekki forsenda ákvörðunar um það hvort telja megi að samningur hafi takmörkun samkeppni að markmiði.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2017/EES/25/04****frá 22. desember 2016****í máli E-6/16****Fjarskipti hf.****gegn****Póst- og fjarskiptastofnun**

(Veiting fjarskiptaþjónustu – Tilskipun 2002/21/EB – Rafrænt fjarskiptanet – Fjarskiptaþjónusta – Almenn fjarskiptanet)

Hinn 22. desember 2016 felldi dómstóllinn dóm í máli E-6/16, Fjarskipti hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun – BEIÐNI Héraðsdóms Reykjavíkur skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun). Dóminn skipuðu dómarmennirnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Skilgreininguna í a-lið 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB á hugtakinu „rafrænt fjarskiptanet“ verður að túlka með þeim hætti að hún nái til kerfis sem heimilar miðlun merkja, sem skrifuð eru sem smáskilaboð á endabúnað notanda, sem tengjast í gegnum vefskoðara á internetinu við „PHP script“ hugbúnað á vefsvæði fjarskiptafyrirtækis, sem móttækur merkin, vinnur úr þeim og áframsendir í SMS-miðlara í fjarskiptakerfi fyrirtækisins sem svo miðlar þeim áfram um farsímanetið til móttakanda símanúmers.
2. Skilgreiningin í c-lið 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB á hugtakinu „rafræn fjarskiptaþjónusta“ nær yfir þjónustu sem felur í sér miðlun merkja á fjarskiptaneti eins og því sem lýst er í fyrstu spurningunni, óháð því hvort gjald sé innheimt fyrir þjónustuna, að því gefnu að gjald sé að jafnaði innheimt vegna veitingar hennar.
3. Skilgreininguna í d-lið 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB á hugtakinu „almennt fjarskiptanet“ verður að túlka á þá leið að hún taki til nets á borð við það sem lýst er í fyrstu spurningunni, sem notað er til að veita þá þjónustu sem lýst er í annarri spurningunni, óháð því hvort sú þjónusta sé eingöngu aðgengileg áskrifendum þess tiltekna fyrirtækis, enda sé netið að öllu eða mestu leyti notað til að veita slíka þjónustu sem sé öllum aðgengileg.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/25/05

(mál M.7764 – EDF/Areva reactor business)

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Electricité de France („EDF“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu New NP („New NP“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EDF: starfar á raforkumörkuðum, m.a. við framleiðslu og heildsöludreifingu rafmagns, viðskipti, flutning, dreifingu og afhendingu á raforku í Frakklandi og erlendis. EDF starfar einnig á gasmörkuðum og veitir orkuþjónustu, bæði í Frakklandi og erlendis.
 - New NP: dótturfélag Areva sem starfar á sviði hönnunar og smíði kjarnaklúfa, selur tækjabúnað og stjórnkerfi, veitir þjónustu til starfandi kjarnorkuvera og starfar að hönnun og framleiðslu eldsneytisknippa.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 130, 25.4.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7764 – EDF/Areva reactor business og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8287 – Nordic Capital/Intrum Justitia AB)

2017/EES/25/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Nordic Capital Fund VIII Limited á Ermasundseyjunni Jersey öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sænska fyrirtækinu Intrum Justitia AB. Nordic Capital hyggst sameina rekstur Intrum Justitia rekstri Lindorff sem er í eignasafni þess.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Nordic Capital: fjárfestir í óskráðum hlutabréfum; fjárfestir í stórum og meðalstórum fyrirtækjum á norðursvæðinu og í þýskumælandi hlutum Evrópu og í heilbrigðisþjónustu á alþjóðavísu og í evrópskum iðnaði.
 - Lindorff (Noregur): veitir þjónustu við stýringu viðskiptakrafna, m.a. innheimtu skulda, upplýsingar um fjárhagsstöðu og mat á láns hæfi, greiðsluþjónustu og þjónustu við reikningagerð í allmörgum löndum Evrópu; kaup á skuldum.
 - Intrum Justitia: veitir þjónustu við stýringu viðskiptakrafna, m.a. innheimtu skulda, upplýsingar um fjárhagsstöðu og mat á láns hæfi, greiðsluþjónustu og þjónustu við reikningagerð í allmörgum löndum Evrópu; kröfukaup og kaup á skuldum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 128, 22.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8287 – Nordic Capital/Intrum Justitia AB og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8297 – GE/Baker Hughes)

2017/EES/25/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið General Electric Company („GE“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Baker Hughes Incorporated („BHI“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GE: víðtæk og fjölbreytt starfsemi, m.a. framleiðsla á olú og gasi GE og tæknilausnir á sviði neðansjávarborana, hverfla, myndgreiningar- og skynjunarbúnaðar.
 - BHI: alþjóðleg þjónusta við leitar- og framleiðslufyrirtæki í olú- og gasgeiranum sem leggja áherslu á borun og að meta borholur, auk þess að ganga frá borholum og búa þær til vinnslu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 133, 27.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8297 – GE/Baker Hughes og eftirfarandi póstarsitun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8401 – Johnson & Johnson/Actelion)

2017/EES/25/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Johnson & Johnson („J&J“), fyrir milligöngu svissneska fyrirtækisins Janssen Holding GmbH („Janssen“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í svissneska fyrirtækinu Actelion Pharmaceuticals Ltd („Actelion“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - J&J: starfar á sviði viðskipta með neysluvörur, lyfjavörur og lækningatæki. Dótturfyrirtæki J&J, Janssen, starfar eingöngu á sviði viðskipta með lyfjavörur.
 - Actelion: starfar á sviði lyfseðilsskyldra lyfja og sérhæfir sig í rannsóknum og þróun á markaðssettum sérhæfðum lyfjum og vara á síðari stigum sem tengjast ýmsum meðferðarsviðum (m.a. einkum háþrýstingi í lungnaslagæð).
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 128, 22.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8401 – Johnson & Johnson/Actelion og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/25/09****(mál M.8410 – Zen-Noh/LDC/Amaggi/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem brasilíska fyrirtækið Zen-Noh Grain Brasil Holdings Ltda. („ZGB“), sem lýtur yfírráðum japanska fyrirtækisins Japanese National Federation of Agricultural Cooperative Associations („Zen-Noh“), brasilíska fyrirtækið Louis Dreyfus Company Brasil S.A. („LDCB“), sem lýtur yfírráðum hollenska fyrirtækisins Louis Dreyfus Company B.V. („LDC“) og loks brasilísku fyrirtækin Louis Dreyfus family og Amaggi Exportação e Importação Ltda. („AEI“) (ásamt ZGB og LDCB, tilkynningaraðilunum), sem lúta yfírráðum brasilíska fyrirtækisins Maggi family („Amaggi-samstæðan“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfírráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í tengslum við 4. mgr. 3. gr. hennar, í brasilíska fyrirtækinu Amaggi & LDC Holding S.A. („fyrirtæki um sameiginleg verkefni“) (JV) (ásamt tilkynningaraðilunum, aðilunum).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Zen-Noh: markaðssetning landbúnaðarafurða og búfjárafurða, sem aðilar þess hafa framleitt, auk þess að selja nauðsynlegar vörur á borð við fóður og áburð til aðila sinna.
 - LDC-samstæðan: framleiðsla, vinnsla og viðskipti með ýmiss konar landbúnaðarhráefni og málma á heimsvísu.
 - Amaggi-samstæðan: framleiðsla, vinnsla og markaðssetning á landbúnaðarhráefni, auk orkuflutninga og flutninga á ám og vötnum.
 - Fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (JV): framleiðsla og markaðssetning á sojabauunum og korni, sem er framleitt í Matopiba-héraði í Brasilíu, auk þess að bjóða upp á geymslu, uppskipun og lestun landbúnaðarhráefna í Itaqui-höfninni í Brasilíu. Á EES-svæðinu sinnir fyrirtækið um sameiginlegt verkefni (JV) einungis heildsölu á sojabauunum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 128, 22.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8410 – Zen-Noh/LDC/Amaggi/JV og eftirfarandi póstarsitun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8411 – Safran Group/China Eastern Air Holding)

2017/EES/25/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Safran Landing Systems SAS og kínverska fyrirtækið China Eastern Airlines Co. Ltd öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (JV).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Safran Landing Systems SAS: framleiðsla á landingarbúnaði og hemlakerfum fyrir loftför. Safran Landing Systems SAS tilheyrir Safran SA í Frakklandi.
 - China Eastern Airlines Co. Ltd: flutningaþjónusta í lofti á alþjóðlegum flugleiðum, flugleiðum innanlands og innan héraða. China Eastern Airlines Co. Ltd tilheyrir fyrirtækinu China Eastern Air Holding sem er í eigu kínverska ríkisins.
 - Fyrirtæki um sameiginlegt verkefni: viðhald, viðgerðir og þjónustuskóðanir í Kína á landingarbúnaði loftfara með einum gangvegi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 133, 27.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8411 – Safran Group/China Eastern Air Holding og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.